



**Aðalfundur Tónlistarskóla Árneseinga bs.
haldinn í Árnesei í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
14. október 2025 kl. 13:45**

Helga Sighvatsdóttir skólastjóri og Jóhann Stefánsson aðstoðarskólastjóri koma inn á fundinn.

1. Fundarsetning

Kjartan Björnsson, formaður stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Lagt er til að Kjartan Björnsson, formaður stjórnar, verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Helga flytur skýrslu stjórnar en Tónlistarskóli Árneseinga verður 70 ára í vetur. Skólinn hefur vaxið og dafnað. Í upphafi voru 50 nemendur á Selfossi en í dag eru þeir tífalt fleiri og skólinn starfar í öllum sveitarfélögum Árnessýslu. Haldið verður upp á afmæli skólans í Íþróttahúsinu á Laugarvatni 15. nóvember nk. Allir hljóðfæraleikara- og söngdeildir skólans munu taka þátt auk þess hefur leikskólabörnum úr Uppsveitum og Flóa verið boðin þátttaka.

Á þessu ári var gerð úttekt á starfsemi tónlistarskóla og fékk skólinn mjög góða niðurstöðu í úttektinni. Það er áhyggjuefni hver nýliðun tónlistakennara er lítil.

Það er mikil velvild sem ríkir í garð TÁ og eru þau þakklát fyrir það og hafa fengið góðar gjafir og styrki frá m.a. Félagi eldri borgara á Selfossi og Rótarý á Selfossi eins er mikils virði hvað sveitarstjórnarfolk er hliðholt skólanum og er skilningur mikill á tónlistariðkun. 150 tónleikar og viðburðir hafa verið haldnir á skólaárinu 2024-2025. Fengu nemendur skólans boð um að taka þátt í tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands í verkefninu Burtu með fordóma, einnig fengu söngnemendur að taka þátt í tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tókust þessir tónleikar báðir mjög vel.

Nemendur hafa verið að ljúka framhaldsskólaprófum, það voru barokktónleikar söngdeildar í Selfosskirkju. Skólaslit fóru fram á öllum kennslustöðum sem eru níu.

Á þessi skólaári eru 534 nemendur þar af eru 127 nýnemar. Fimmtíu aðilar eru á biðlista, flestir í Hveragerði og á Selfossi. Fer hún yfir fjölda nemenda og hvaða nám þeir stunda. Einnig fer hún yfir fjölda kenndra klst. og dreifingu á hljóðfæri. Viðfangsefni vetrarins er Dýrin okkar. Áfram eru kynningar í 2. bekk í grunnskólum Árnessýslu. Fer hún yfir námskeið sem hafa verið haldin fyrir kennara en bæði hafa verið fengnir utan að komandi aðilar og eins hafa starfsmenn skólans verið með námskeið fyrir samkennara sína.

Fer hún yfir skóladagatal skólans en þar má sjá hvenær tónleikar verða haldnir.

Helga og Jóhann svara fyrirspurnum. Til máls tekur auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Formaður leggur skýrslu stjórnar fram til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Helga fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 213 frá 23. maí, nr. 214 frá 23. september ásamt fundargerð vorfundar Tónlistarskólans frá 28 apríl. Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

4. Fjárhagsáætlun 2026

Helga fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2026

Formaður gefur orðið laust, til máls taka Helgi Kjartansson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Haraldur Þór Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Fjárhagsáætlun ársins 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

Arnar Freyr Ólafsson tekur til máls og ræðir um að tónlistarkennarar séu að eldast og að fáir séu í námi í tónlistarkennslu hér á landi. Einnig ræðir hann um hvort að það sé hægt að gera aðstæður betri í skólum til að auka ánægju og auka virkni inn í almennu skólastarfi í tónlist.

Haraldur Þór Jónsson spyr um ástæðu þess að hlutfall nemenda sé misjafnt eftir sveitarfélögum.

Að lokum hvetur formaður sveitarstjórnarmenn og íbúa til að mæta á tónleika í tilefni af 70 ára afmæli tónlistarskólans sem haldnir verða í Íþróttahúsinu á Laugarvatni 15. nóvember nk.

Fundi Héraðsnefndar slitið kl. 14:45.

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Alesandra Rós Jóhannesdóttir, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði

Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði

Rósa Sif Jónsdóttir, ritar